

# **Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar**

**Þátttaka foreldra í foreldrafélögum leikskóla og grunnskóla,  
sem og í foreldraráðum leikskóla og skólaráðum grunnskóla**

**Tilraunaverkefni SFS í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun**

September 2012

Helga Gunnarsdóttir  
Hrund Logadóttir  
Kristín Sæmundsdóttir  
Berglind Hansen

## Inngangur

Tilgangur þessa verkefnis var að skoða þátttöku foreldra í foreldrafélögum leikskóla og grunnskóla sem og í skólaráðum grunnskóla og foreldraráðum leikskóla út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Í því fólst að kanna kynjahlutfall foreldra í stjórnnum foreldrafélaga leik- og grunnskóla. Einnig að kanna kynjahlutfall foreldra í skólaráðum grunnskóla og kynjahlutfall foreldra í foreldraráðum leikskóla. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla eru lögbundin skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla og lögum nr. 91/2008 um grunnskóla. Foreldrafélög í leikskólum eru ekki lögbundin en sé óskað eftir stofnun foreldrafélags skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun þess. Allir leikskólar á vegum Reykjavíkurborgar hafa starfandi foreldrafélag. Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag skv. lögum nr. 91/2008 um grunnskóla.

Verkefnið unnu Helga Gunnarsdóttir, Hrund Logadóttir, Kristín Sæmundsdóttir og Berglind Hansen. Teymistjóri var Helga Gunnarsdóttir og eigandi verkefnis var Ragnar Þorsteinsson sviðstjóri skóla- og frístundasviðs.

## Niðurstöður

### Markmið

Markmiðið með verkefninu var að lýsa kynjahlutföllum í foreldrasamstarfi leik- og grunnskóla. Kynjamarkmið verkefnisins var að móta tillögur að rannsókn á ástæðum núverandi kynjahlutfalls í foreldrasamstarfi leik- og grunnskóla. Í framhaldi af því að móta leiðir til að jafna kynjahlutfallið.

### Verkefni

**Lýsing á verkefni:** Í verkefninu var könnuð þátttaka foreldra í stjórnnum foreldrafélaga leikskóla og grunnskóla sem og í skólaráðum grunnskóla og foreldraráðum leikskóla út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

**Lýsing á vinnuferli:** Starfshópurinn kannaði kynjahlutfall foreldra í stjórnnum foreldrafélaga leik- og grunnskóla sem og kynjahlutfall foreldra í skólaráðum grunnskóla og kynjahlutfall foreldra í foreldraráðum leikskóla.

Hópurinn hittist á 7 fundum. Útbúinn var spurningarlisti sem sendur var í leik- og grunnskóla. Farið var yfir niðurstöður og skýrsla unnin. Sjá fylgiskjal 2, fundargerðir.

**Lýsing á rannsókn:** Hópurinn sendi spurningalista til allra stjórnenda í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar þar sem spurt var um kynjaskiptingu foreldra sem starfa í stjórn foreldrafélaga og í foreldraráðum / skólaráðum skólanna. Sjá fylgiskjal 1, spurningarlisti. Á vegum Reykjavíkurborgar eru starfandi 34 grunnskólar og 64 leikskólar. Af þeim eru 2 leikskólar samreknir með grunnskólum. Svör bárust frá 57 leikskólum eða 90,5% og frá 33 grunnskólum eða 97%.

## Niðurstöður verkefnis

Niðurstöður sýndu að hlutfall mæðra sem starfa í stjórnnum foreldrafélaga leikskóla var töluvert hærra, eða 85% á móti 15% feðra eins og sést í töflu 1. Þegar hlutfallið er skoðað eftir hverfum má sjá í töflu 2 að feður náðu mest að vera fjórðungur í stjórn foreldrafélaga í leikskólum í hverfi Vesturbæjar. Svipaðar niðurstöður fengust um kynjahlutfall foreldra í foreldraráðum leikskóla þar sem aðeins 20% þeirra voru feður en þeir náðu þó að vera um þriðjungur í hverfi Miðborgar og Hlíða eins og sýnt er í töflu 3 og 4. Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem mennta og menningarmálaráðuneytið lét gera árið 2011, um þátttöku foreldra í foreldraráðum leikskóla á landinu, kom fram að hlutfall kvenna var 80,1 % og karla 19,9%. Það er því sambærilegt við þær niðurstöður sem komu fram hér.

**Tafla 1. Fjöldi foreldra í stjórnnum foreldrafélaga í leikskólum**

Samtals fjöldi í stjórnnum foreldrafélaga	Konur	Karlar	% konur	% karlar
349	295	54	85%	15%

**Tafla 2. Fjöldi foreldra í stjórnnum foreldrafélaga í leikskólum eftir þjónustumiðstöðvum**

Þjónustumiðstöð	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Árbær / Grafarholt	49	45	4	92%	8%
Breiðholt	65	55	10	85%	15%
Grafarvogur / Kjalarnes	59	48	11	81%	19%
Laugardalur / Háaleiti	74	67	7	91%	9%
Miðbær / Hlíðar	55	45	10	82%	18%
Vesturbæjar	47	35	12	74%	26%
<b>Samtals</b>	<b>349</b>	<b>295</b>	<b>54</b>	<b>85%</b>	<b>15%</b>

**Tafla 3. Fjöldi foreldra í foreldraráðum leikskóla**

Samtals fjöldi í foreldraráðum	Konur	Karlar	% konur	% karlar
220	176	44	80%	20%

**Tafla 4. Fjöldi foreldra í foreldraráðum leikskóla eftir þjónustumiðstöðvum**

Þjónustumiðstöð	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Árbær / Grafarholt	30	24	6	80%	20%
Breiðholt	55	48	7	87%	13%
Grafarvogur / Kjalarnes	35	31	4	89%	11%
Laugardalur / Háaleiti	43	33	10	77%	23%
Miðbær / Hlíðar	28	18	10	64%	36%
Vesturbæjar	29	22	7	76%	24%
<b>Samtals</b>	<b>220</b>	<b>176</b>	<b>44</b>	<b>80%</b>	<b>20%</b>

Í töflu 5 má sjá að aðeins fleiri feður voru að meðaltali í stjórn foreldrafélaga í grunnskólum en í leikskólum eða fjórðungur. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar eftir hverfum kemur fram að

kynjahlutfall var nánast jafnt í hverfi Miðborgar og Hlíða þar sem helmingur stjórnarinnar voru mæður en hinn feður eins og sjá má í töflu 6. Þá voru enn fleiri feður sem störfuðu í skólaráði grunnskólanna eða 37%, sem má sjá í töflu 7. Að auki má sjá í niðurstöðunum eftir hverfum í töflu 8 að kynjahlutfall var nánast jafnt í hverfi Breiðholts og feður voru í meirihluta í hverfi Laugardals og Háaleitis eða 57%.

**Tafla 5. Fjöldi foreldra í stjórnnum foreldrafélaga í grunnskólum**

Samtals fjöldi í stjórn foreldrafélaga	Konur	Karlar	% konur	% karlar
205	154	51	75%	25%

**Tafla 6. Fjöldi foreldra í stjórnnum foreldrafélaga í grunnskólum eftir þjónustumiðstöðvum**

Þjónustumiðstöð	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Árbær / Grafarholt	35	30	5	86%	14%
Breiðholts	21	14	7	67%	33%
Grafarvogur / Kjalarnes	51	42	9	82%	18%
Laugardalur / Háaleiti	65	47	18	73%	27%
Miðborg / Hlíðar	10	5	5	50%	50%
Vesturbæjar	23	16	7	70%	30%
<b>Samtals</b>	<b>205</b>	<b>154</b>	<b>51</b>	<b>75%</b>	<b>25%</b>

**Tafla 7. Fjöldi foreldra í skólaráðum grunnskóla**

Samtals fjöldi í skólaráðum	Konur	Karlar	% konur	% karlar
87	54	33	63%	37%

**Tafla 8. Fjöldi foreldra í skólaráðum grunnskóla eftir þjónustumiðstöðvum**

Þjónustumiðstöð	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Árbær / Grafarholt	20	15	5	75%	25%
Breiðholts	13	7	6	54%	46%
Grafarvogur / Kjalarnes	18	13	5	72%	28%
Laugardalur / Háaleiti	21	9	12	43%	57%
Miðborg / Hlíðar	4	3	1	75%	25%
Vesturbæjar	11	7	4	64%	36%
<b>Samtals</b>	<b>87</b>	<b>54</b>	<b>33</b>	<b>62%</b>	<b>38%</b>

Sjá má á þessum niðurstöðum að jafnari kynjahlutfall var meðal foreldra í stjórnnum foreldrafélaga og í skólaráðum grunnskóla en í stjórnnum foreldrafélaga og foreldraráða leikskóla. Þó er langt í land enn að jafna kynjahlutföll á þessum vettvangi þar sem feður voru að meðaltali 37% foreldra í stjórnnum þessara félaga og ráða.

Ofangreindar niðurstöður gefa tilefni til að kanna nánar með sérstakri rannsókn ástæður þess að karlar voru í svo miklum minnihluta. Til að jafna kynjahlutföll í foreldrasamstarfi í leik- og grunnskólum er mikilvægt að skoða sem flesta þætti til að finna hvað veldur. Slíka rannsókn væri hægt að framkvæma með rýnihópum, viðtölum, foreldrakönnun og könnun til stjórnenda leik- og grunnskóla. Á grundvelli slíkrar rannsóknar væri hægt að vinna tillögur að aðgerðum til að jafna hlutfall kynja í ofangreindum félögum og ráðum.

Áhugavert væri líka að skoða hvort það hafi verið stuðlað að því sérstaklega að jafna kynjahlutföll í stjórnnum foreldrafélaga og skólaráða í hverfi Miðborgar og Hlíða, Breiðholts og Laugardals og Háaleiti þar sem kynjahlutfall var jafnast.

## Álitaefni

Vinnufyrirkomulag verkefnisins nýttist hópnum vel auk þess sem námskeið og kynningar á vegum stýrihópsins komu að góðum notum.

Við teljum að niðurstöður verkefnisins muni nýtast sviðinu til að kanna betur ástæður að baki þessarar kynjaskiptingar í stjórnnum foreldrafélaga í starfi leik- og grunnskóla sem og í foreldraráðum /skólaráðum.

Gerð var tilraun til að skoða hvort skólar sendi boð og upplýsingar til mæðra eða feðra eða beggja foreldra. Ekki var hægt að nýta svörin í þeirri könnun nema með því að innkalla netfangalista foreldra til að sjá hvort báðir foreldrar séu skráðir með netföng. Við töldum þetta ógerlegt innan þess tímaramma sem verkefninu var gefinn.

Tímasetning verkefnisins að vori var óheppileg þar sem grunnskólar voru að fara í leyfi og leikskólar að útskrifa elsta árganginn. Einnig var ekki hægt að kanna kynjahlutfall foreldra í foreldraviðtölum og í öðru samstarfi heimila og skóla. Til þess hefði verkefnið þurft að ná yfir a.m.k. hálf til heilt skólaár.

Hópurinn kannaði því ekki þessi atriði núna en leggur til að það verði gert ef farið verður í nánari könnun á ástæðum þess að kynjahlutfall er ójafnt í stjórnnum foreldrafélaga og í foreldraráðum og skólaráðum.

## Fylgiskjöl

1. Spurningalisti sem sendur var öllum leik- og grunnskólastjórnendum í Reykjavík
2. Fundargerðir hópsins

Reykjavík, 14.september 2012

## **Teymi:**

---

Helga Gunnarsdóttir

---

Hrund Logadóttir

---

Kristín Sæmundsdóttir

---

Berglind Hansen

## **Eigandi verkefnis:**

---

Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri SFS

## Fylgiskjal 1 - spurningarlistar:

### Spurningar til grunnskóla:

Spurningar þessar eru vegna tilraunaverkefnis skóla- og frístundasviðs varðandi kynjaða fjárhags- og starfsáætlanagerð.

### Hversu margir foreldrar eru ?

	Karlar	Konur
Í stjórn foreldrafélags		
Í skólaráði		
Bekkjarfulltrúar		

### Eru skilaboð / upplýsingar frá skóla til foreldra send á netfang móður og / eða föður?

Netfang móður   Netfang föður

Skilaboð send á:

### Hvernig eru foreldrar boðaðir í foreldraviðtöl?

Miði heim með barni  
Tölvupóstur sendur á netfang móður  
Tölvupóstur sendur á netfang föður  
Annað, hvað?

### Spurningar til leikskóla:

Spurningar þessar eru vegna tilraunaverkefnis skóla- og frístundasviðs varðandi kynjaða fjárhags- og starfsáætlanagerð.

### Hversu margir foreldrar eru í ?

	Karlar	Konur
Stjórn foreldrafélags		
Foreldraráði		

### Eru skilaboð / upplýsingar frá skóla til foreldra send á netfang móður og / eða föður?

Netfang móður   Netfang föður

Skilaboð send á:

### Hvernig eru foreldrar boðaðir í foreldraviðtöl? Merkið við allt sem við á

Miði heim með barni  
Tölvupóstur sendur á netfang móður  
Tölvupóstur sendur á netfang föður  
Foreldrar skrá sig á lista  
Annað, hvað?

## Fylgiskjal 2 - fundargerðir:

**Þátttaka foreldra í foreldrafélögum leikskóla og grunnskóla, sem og í foreldraráðum leikskóla og skólaráðum grunnskóla.**

**Funargerðir:**

**1 FUNDUR: 23.MARS 2012 KL. 9 – 13. GERÐUBERG**

**MÆTTIR: HRUND LOGADÓTTIR, KRISTÍN SÆMUNSDÓTTIR, BERGLIND HANSEN OG HELGA GUNNARSDÓTTIR**

*Fyrsti fundur verkefnahópsins var vinnufundur í Gerðubergi þar sem verkefnislýsing var unnin. Í Gerðubergi var unnið ásamt öðrum verkefnahópum undir stjórn leiðbeinanda af námskeiðinu. Allir hópar kynntu sín verkefni eftir því sem leið á vinnuna. Hópurinn náði að mestu leyti að klára verkefnislýsinguna en ákveðið var að hafa annan fund fyrir páska til að klára verkefnislýsingu og útbúa spurningarlista til að senda á leik- og grunnskóla. Ákveðið var að HG myndi boða næsta fund 3.apríl 2012.*

**2 FUNDUR: 03.APRÍL 2012 KL. 13 – 14. HÖFÐATORG**

**MÆTTIR: HRUND LOGADÓTTIR, KRISTÍN SÆMUNSDÓTTIR, BERGLIND HANSEN OG HELGA GUNNARSDÓTTIR**

*Byrjað var á að útbúa spurningar til að senda til leik- og grunnskóla til að fá upplýsingar um kynjaskiptingu foreldra í foreldrastarfi leik- og grunnskóla. BH sagði að Hallgerður á TOR myndi sjá um að senda spurningarlistann út á næsta spurningarvagni. HG sér um að senda Hallgerði spurningar. Talið er að svör við spurningum ættu að koma í kringum 10.maí. Klárað var síðan að fara yfir verkefnalýsinguna og samþykkt að senda Ragnari Þorsteinssyni hana til samþykktar. HG tók aðeins sér að gera þær breytingar sem ákveðið var að gera og senda Ragnari til samþykktar. Næsti fundur var ekki ákveðinn en verður um leið og svör við spurningarlista hafa borist. Áætlað um miðjan maí.*

**3 FUNDUR: 06.JÚNÍ 2012 KL. 11 - 12. HÖFÐATORG**

**MÆTTIR: HRUND LOGADÓTTIR, KRISTÍN SÆMUNSDÓTTIR, OG HELGA GUNNARSDÓTTIR**

*Farið var yfir þær niðurstöður sem komnar voru úr spurningalista sem sendur var á stjórnendur. Komin voru svör frá 47 leikskólum en spurningarvagn til grunnskóla fer út seinna um daginn. Gátum ekki byrjað á lokaskýrslu vegna vandræða með tölvukerfi. Boða nýjan fund*

**4 FUNDUR: 13.JÚNÍ 2012 KL. 14 - 16. HÖFÐATORG**

**MÆTTIR: KRISTÍN SÆMUNSDÓTTIR, BERGLIND HANSEN OG HELGA GUNNARSDÓTTIR**

*Fórum yfir niðurstöður úr þeim svörum sem hafði borist og byrjuðum á að gera bráðabirgðaskýrsluna. Boða annan fund til að klára og útbúa glærur fyrir kynningu.*



**Verkefnalisti:**

<b>Dags.</b>	<b>Verkefni</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Lokið</b>
23.03.2012	Boða fund til að klára verkefnislýsingu og spurningarlista	HG	26.03.2012
03.04.2012	Senda Hallgerði spurningarlista vegna verkefnis	HG	03.04.2012
03.04.2012	Klára að laga verkefnalýsingu og senda Ragnari til samþykktar	HG	05.04.2012
03.04.2012	Boða næsta fund – þegar svör við spurningum hafa borist	HG	
09.04.2012	Staðfesting kemur frá Ragnari og ósk um kynningu í framkvæmdarstjórn	HG	09.04.2012
10.04.2012	Kemur beiðni frá Dísu um að senda Steinunni ósk um að kynna verkefni í framkvæmdarstjórn	HG	

**5. FUNDUR: 11.JÚLÍ 2012 KL. 13- 14:30. HÖFÐATORG**

**MÆTTIR: KRISTÍN SÆMUNSDÓTTIR, HRUND LOGADÓTTIR OG HELGA GUNNARSDÓTTIR**

Á þessum fundi var farið yfir niðurstöður sem voru komnar úr könnun sem senda var öllum leik- og grunnskólastjórnendum. Svör bárust frá 57 leikskólum eða 90,5% og frá 33 grunnskólum 97% og eru það lokaniðurstöður könnunarinnar.

Gerð voru drög að lokaskýrslu og ákveðið var að hittast aftur eftir sumarfrí til að ganga frá lokafrágangi á skýrslu.

**6. FUNDUR: 5.SEPTEMBER 2012 KL. 11 - 12. HÖFÐATORG**

**MÆTTIR: KRISTÍN SÆMUNSDÓTTIR, HRUND LOGADÓTTIR OG HELGA GUNNARSDÓTTIR**

Unnið að lokafrágangi á skýrslu skv. skapalóni sem stýrihópurinn afhenti á fundi í ágúst.

**7. FUNDUR: 13.SEPTEMBER 2012 KL. 11 - 12. HÖFÐATORG**

**MÆTTIR: KRISTÍN SÆMUNSDÓTTIR, HRUND LOGADÓTTIR, BERGLIND HANSEN OG HELGA GUNNARSDÓTTIR**

Klárað var að lesa yfir skýrslu og lokaútgáfa unnin.